

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Hátækni gróðurhús á norðurlandi. Áfangi 1: Viðskiptaáætlun
Markmið	Að undirbúa farveginn fyrir mögulega uppbyggingu hátækni gróðurhúss á Eyjafjarðarsvæðinu með því að skoða fýsileika þess og undirbúa viðskipta- og fjárfestingaáætlun þess efnis.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Með uppbyggingu hátækni gróðurhúss í Eyjafirði má stuðla að auknu fæðuöryggi og sjálfbærni landshlutans.</p> <p>Mikið magn grænmetis er flutt inn til landsins frá löndum sem ekki bjóða upp á þann hreinleika sem við njótum í íslenskri framleiðslu. Í fyrirhugaðri starfsemi væri stuðst við vatnsræktun, en þar sem engin mold er nýtt í slíkri framleiðslu er minni hætta á óværu og því ekki þörf á notkun eiturefna við framleiðsluna. Vatnsrækt stuðlar að hraðari vexti en slík framleiðsla kallar samt sem áður einungis á um 10% af vatnsþörf hefðbundinnar gróðurhúsaræktar.</p> <p>Upphafleg fjárfesting í slíkum rekstri er töluverð í tækjum, búnaði og aðkomu fagaðila og má reikna með að fjárfesting sé vel á þriðja hundrað milljón krónur fyrir framleiðslu í um 1.000fm húsnæði. Mikilvægt er því að kanna vel grundvöll framleiðslunnar áður en fjárfesting fer af stað.</p> <p>Verkefnið tekur mið af að setja saman ýtarlega viðskiptaáætlun sem leggur mat á mögulegar framleiðslustærðir. Þá verður markaðurinn greindur og rætt við mögulega samtarfsaðila, vaxtarmöguleikar skoðaðir ásamt fjárfestingaþörf. Þá verður reynt að festa hendur á það hvort möguleiki sé á útflutningi slíkrar vöru frá Akureyrarflugvelli.</p>
Framkvæmdaaðili	<p>Sigríður María Róbertsdóttir (261082-3819) Sími 862-3382 Email: siggaroberts@gmail.com Heimilisfang: Skólatróð 13, 605 Akureyri</p>
Samstarfsaðilar	
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Verkefnið hefur góð tengsl við sóknaráætlun og er einn af framtíðarvaxtarmöguleikum þess einmitt fólgin í „landfræðilegri legu í ljósi vaxandi áhuga á norðurslóðum“.</p> <p>Í verkefninu felst nýsköpun í atvinnulífi landshlutans og mun það auka sjálfbærni hans til frambúðar, sýni viðskiptaáætlun að fjárfesting í því sé arðbær og samfélagslega skynsamleg.</p> <p>Atvinna og nýsköpun, verkefnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> - fjölgar nýskráðum fyrirtækjum. - eykur veltu tengda hátækni í atvinnulífinu. - stuðlar að betri orkunýtingu í framleiðslu. - er svæðisbundin nýsköpun í matvælaframleiðslu. - eflir stöðu Akureyrar sem miðstöð fyrir norðurslóðastarfsemi á Íslandi. <p>Umhverfismál, verkefnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> - dregur úr sóun auðlinda og eykur endurnýtingu.

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<ul style="list-style-type: none"> - stuðlar að auknum orkusparnaði í atvinnulífinu/matvælaframleiðslu og þannig að minna kolefnisspori. - stuðlar að aukinni matvælaframleiðslu á svæðinu og styttingu flutningsleiðir neysluvöru. - hvetur til aukinnar neyslu á svæðisbundinni framleiðslu.
<p>Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna</p>	<p>2. Stuðla að sjálfbærum landbúnaði. 2.4 Eykur sjálfbærni í matvælaframleiðslu með aukinni framleiðni.</p> <p>6 Hreint vatn 6.3 Engin hættuleg efni svo sem skordýraeitur eru nýtt við framleiðslu í vatnsrækt og fara því ekki út í umhverfið. 6.4 Vatn nýtist mun betur.</p> <p>7 Sjálfbær orka 7.3 Orkunýting er mjög góð í matvælaframleiðslu sem þessari. Ljósgefi í framleiðslunni (LED) notar litla orku, lítið vatn er nýtt við framleiðsluna og hver planta vex hraðar en með hefðbundinni framleiðslu.</p> <p>8 Góð atvinna og hagvöxtur 8.2 Aukin framleiðni í atvinnulífinu með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun. 8.3 Aukin afköst í matvælaframleiðslu.</p> <p>11 Sjálfbærari landshluti 11.A Stuðlar að jákvæðri byggðaðróun á landsvæðinu.</p> <p>12 Ábyrg neysla og framleiðsla 12.3 Dregur úr sóun á smásölumarkaði vegna meiri nálægðar.</p> <p>15 Líf á landi 15.1 Sjálfbær nýting ferskvatns aukin í matvælaframleiðslu þar sem nýting vatns er aukin til muna á við hefðbundna gróðurhúsarækt og vatni skilað ómenguðu frá framleiðslunni.</p>
<p>Árangursmælikvarðar</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fýsileiki verkefnis 2. Markaðspörf 3. Arðsemismat verkefnis
<p>Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)</p>	<p>Lokaferð þessa áfangaverkefnis er viðskiptaáætlun sem mun varpa ljósi á hvort æskilegt sé að stíga næsta skref og hefja viðamikla fjárfestingu í hátækni gróðurhúsi í Eyjafirði.</p> <p>Ávinningur samfélagsins af slíkri framleiðslu getur orðið mjög mikill eins og fyrri liðir umsóknar gefa til kynna. Fæðuöryggi svæðisins getur stórbæst, störf skapast á sviði tækni og framleiðslu og ný þekking myndast í matvælaframleiðslu á svæðinu. Möguleiki er að Eyjafjörður bæti stöðu sína enn frekar með tilliti til norðurslóða og íbúum getur verið tryggður aðgangur að fersku hráefni allt árið um kring.</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Upphaf og lok verkefnis	Máí - Ágúst 2020: Viðskiptaáætlun
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Viðskiptaáætlun 200klst @6.000kr/klst = 1.200.000kr Aðkeypt ráðgjöf 24klst @6.000kr/klst = 144.000kr Ferðakostnaður 1.400km @110kr/km = 154.000kr Samtals = 1.498.000kr
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.000.000kr
Mótframlag (ef við á)	Eigið mótframlag 498.000kr
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	